

ÍSLANDSVINUR -- Á ANNARI STJÖRNU.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

Snillingurinn William Morris var eins og kunnugt er, einn hinna mesti Ílandsvinur og hefir í ágætu kvæði spáð mjög fagurlega um framtíð þjóðar vorrar, og raunar í nokkuð líkum anda og Eggert Ólafsson. Morris spáir ekki um endurkomu Krists, heldur Baldurs eg kennir Baldur sjerstaklega við Ísland. Á Ragnarök, Loka og Heljarsinna minnist hið ágæta skáld ekki í kyæði þessu, en þó hafa ýms hau tíðindi orðið, sem helst verður að telja úr þeirri áttinni, og mjög erfiðar tálmanir hafa verið í vegi fyrir þeim öflum, sem að því vinna, að hinni löngu brautasögu lífsins verði lokið, og lánist að breyta um til hinnar rjettu stefnu, til

hins sanna lífs, á þessum hnetti, sem vjer nefnum jörð. Ekkert sýnir betur hvílikur snillingur William Morris var, en það, að hann skyldi verða til þess að spá því, að upphaf þessarar stefnubreytingar mundi verða hjer á Íslandi, þar sem svo erfitt hefir verið að lifa, að nærrí lá að úrvval hins norræna kyns sligaðist. Nægir til þess að sýna þetta, að minna á, að um aldamótin 1800 voru Íslendingar mun færri en öll líkindi eru til að þeir hafi verið 800 árum áður; en á sama tíma mun í Noregi, fólksfjöldinn hafa þrefaldast eða nálægt því. Á Englandi hefir íbúatalan hjerumbil nísfaldast síðustu 300—350 árin; en Íslending-

um stórfækkaði frá 1600—1800. Óss má því mikil um finnast, þegar annar eins andagiftarmaður og William Morris ~~spjötum~~ feng lega um framtíð svo þjakaðrar þjóðar. Og þegar jeg sá þess getið, að Morris hefði látið til sín heyra eftir að hann var orðinn íbúi annarar stjörnu, varð injer skiljanlega mikill hugur á að vita, hvað haft væri eftir snillingnum í öðru lífi, og þá sjerrstaklega hvort hann hefði nokkuð á Ísland minst og þá ótrúlegu og undarlegu örðugleika, sem hjer hafa til tálminnar orðið og að miklu leyti má setja í samband við það sem í himni nýju lífaflfræði (Biodynamik) er nefnt *Complieatio paratropica*.

II.

Bókin, sem um ræðir heitir: From Heavenly Spheres, by William Morris, through Mary Hughes: Frá himneskum sviðum, eftir W. M., gegnum M. H. Leist injer að vísu ekki allskostar vel á heiti bókarinnar, en þó tel jeg vaðalítið, að um samband við him framliðna William Morris sjé að ræða, þó að honum hafi auðsjáaulega ekki tekist að koma fram nema litlu af því, sem hanu vildi sagt hafa, og varla nokkru

sem ekki sjé eitthvað úr lagi fiert, og er slíkt óumflýjanlegt, meðan rjettar undirstöðuhung-myndir um framhald lífsins, vantar hjernamegin. Og ekki þarf það að eфа, að það er ekki Morris að kenna, að Íslands er íbók þessari, sem frá honum á að vera runnin, að engu getið. En þrátt fyrir þessa galla, er í bókinni ýmislegt, sem telja verður mjög fróðlegt, og nú skal nokkuð af sagt.

III.

Morris kveðst eiga heima í víðlendu fjallahjeraði og er undursamlegur garður við hið fagra hús hans. Sjer þaðan ekki annað en fjöll og dali, en litsegurðin er svo frábær, að hann kveður erfitt að koma orðum að. Af blómum hjerna leggur eins og nokkurskonar sólarbirtu, segir hann, og krónublöðin teygja sig upp þegar vjer göngum hjá. Ber Morris saman við Swedenborg og ýmsa aðra, höf. um hina stórum meiri segurð jurtagróðursins á framlífsjörðnum - þar sem vel er - og hina furðu legu samnúð jurta og manna. Og er fróðleikur þessi ekki síður eftirtektarverður vagná þess, að sú, sem ritar bókina eftir innblæstri frá William Morris — að

því er hún hyggur — hefir ekki að því er sjeð verði, neina hugmynd um að hamn á heima á jarðstjórnú. (S. 17—18).

IV.

Sá kafli bókarinnar, sem mjer virðist helst ástaða til að segja nokkru nánar frá, heitir, The World Crisis (S. 124), og er um tímamót þau, sem nú eru í sögu mannkynsins og svo stórkostleg, að aldrei hefir á jafnumiklu oltið. „Vjer heyrum menn (á jörðinni) vera að tala um tímamót í sögu mannkynsins“ — segir Morris — „og vjer, sem framliðnir erum, fáum varla skilið vegna hvers menn á jörðinni geta ekki sjeð hvernig á heimskreppu þessari stendur. Vjer (hjernamegin) sjáum glöggar og það er vegna þess, sem það er ósk mínn að koma og tala um það mál, sem svo er mikilvægt... Alla mína ævi hafði jeg mikim áhuga á því, sem var að gerast á jörðinni, og þessum áhuga hefi jeg haldd að mjög miklu leyti. Ef ekki væri svo, þá mundi jeg ekki vera að reyna að koma bók þessari fyrir almennингssjónir. Jeg þrái að sjá jörðina bjartari og hamingjusamlegri dvalarstað en hún er nú, stað, þar sem menn og konur lifi við farsællegri ástaður en þær, sem nú eru..... Vjer (hinir framliðnu) sjáum fram á endalok alls lífs á jarðarsviðinu (The earth plane!) og það á fárra alda fresti, ef menn sem nú hata náunga sína

í stað þess að elskat þá, hverfa ekki af sínum vondu vegum.... Þetta er leyndardómur heimskreppuunar, lesendur mírir. Ekki að það sje ekki til nóg af peningum til umferðar manna á milli, eða nóg til viðurværis launda fjöldanum, heldur það, að nú á dögum er ágirndin í heiminum ákafari en hún hefir nokkru sinni verið áður“. (S. 124—25).

V.

Mjög virðist mjer líklegt, að það sje satt sagt, að William Morris, snillingurinn, sem hafði vit og andagift til að sjá betur aðalsmerkið á hismi þjökuðu og fátækum íslensku þjóð, en uokkur útlendingur hefir annars gert, han verið að reyna til að verða mannkyninu að liði á þessum tímamotum, og að það sje ekki honum að kenna, að ekki er í bók þessari, sem honum er eignuð, emu orði minst á þjóðina, sem hamn haði kent við Baldur, heldur hugarfari miðilsins og þó ekki síður sunnahrifunum á hana. Tel jeg ekki vafa á því, að mun fróðlegar mundi þarna í bókinni hafa verið ritað um örlagatíma þá, sem nú eru, ef Morris hefði tekist að koma fram í meðvitund miðilsins því, sem hamn hafði sjálfur í huga um það efni. Eftirtektarverðust allra þeirra orða, sem Morris hefir tekist að fá rituð, virðast mjer þessi: „Hvílikur skaði, að menn skuli vera blindir, þar sem nú á tímum cru frelsarar á jörð-

inni“ (S. 127). Virðist þarna ótví-ræðlega gefið í skyn, að til sjeu þeir menn, sem viti hvað það er, sem þarf til þess að aldaskiftin geti farsællega tekist, eða hafi jafnvel sagt það, án þess að því hafi verið gaumur gefinn. En þar sem bætt er við (S. 127—28) „Vision is what men need today — that inner vision which permits those who come to their aid to unfold before their eyes the vision of life eternal“ — þá er auðsjáanlega um hina vanalegu „parafrastik“ að ræða; eða m. ö. ó. talsvert annað ritað en það, sem til var stefnt með innblæstrinum. En það hygg jeg hafi verið þetta: Það, sem þarf nú, er að menn öðlist hinn náttúrufræðilega skilning á framhaldi lífsins, því þegar sá skilningur er fenginn, þá verður hinum fullkomnari lífverum miklu auðveldara en nú er, að rjetta mannkyninu þá hjálparhönd, sem svo mikil er þörfin á. Og víst er um það, að takist ekki að færa út náttúrufræðina á þann hátt, sem gefið er í skyn, þá mun illa fara, aldaskiftin verða til hins verra, þanniig að tilraunin til æðra og fullkomnara lífs á þessari jörð, mistakist með öllu. Jeg hefi aldrei orðið þess var, að þeir, sem ritað hafa um þau efni, sem hjer koma til greina, hafi veitt því eftirtekt hvað það býðir, að allri sókn lífsins upp á

við hjer á jörðu, hefir jafnan fylgt nokkur afturför, svo að hin æðsta veít jarðarinnar nú, er að verulegu leyti ófullkomnari heldur en hinir fyrstu foreldrar hennar, fyrstlingarnir, sem uppi voru fyrir þúsund miljónum ára, eða svo, og að tímamótin í sögu lífsins þyrftu að verða þau, að fram vindu (evolution-) lífsins fylgdi engin afturför. En það er það, sem á vísindamáli má nefna diexeliktiska evolution eða dielexelisis. Er þá helsteðnan sigruð þegar svo er komið, og opin leiðin að hinum óendantlegu möguleikum til góðs, sem alheimurinn býr yfir. Eru á þeirri leið margar og vaxandi aflraunir, en engin, er ofraun verði þeirri lífveru, sem leitar fram í fullu samræmi við hinn æðsta vilja. En hjer í ríki helstefnunnar hefir oft, eða jafnvel oftar, verst tekist, það sem best var viljað, því að einmitt þá var síst samúð og góðum undirtektum að mæta.

21. 2. '37.

Helgi Pjeturss.

Avt. Met. 1937